

# ÞJÓNUSTUSAMNINGUR

Uppfærsla árið 2022 - DRÖG

Hafnarfjarðarkaupstaður, kt. 590169-7579, hér eftir nefndur bærinn, og Framsýn menntun, kt. 630615-0890, hér eftir nefndur skólinn, gera með sér eftirfarandi þjónustusamning um rekstrarstyrk til grunnskóla Framsýnnar menntunar í Hafnarfirði vegna nemenda á elsta kennslustigi grunnskólans (8.-10. bekkur) sem eiga lögheimili í Hafnarfirði og fósturbarna ef fósturforeldrar eiga lögheimili í Hafnarfirði og sækja skólann:

## 1.gr.

### Skilyrði

Skólinn skilar upplýsingum fyrir hvert skólaár til skrifstofu mennta- og lýðheilsusviðs Hafnarfjarðar um starfsréttindi kennara skólans og allar undanþáguveitingar sem honum eru veittar.

Réttindi og skyldur nemenda skulu vera í samræmi við grunnskólalög, reglugerðir settar samkvæmt þeim og aðalnámskrá grunnskóla á hverjum tíma.

Skólahúsnæði, skólalóð og búnaður skal uppfylla kröfur grunnskólalaga nr. 91/2008, með síðari breytingum og reglugerð. nr. 657/2009 sbr. reglugerð nr. 599/2014.

Skólinn hafi starfsleyfi frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu/Menntamálastofnun.

Ef gefið verður út sérstakt form af gerð þjónustusamnings af hálfu mennta- og menningarmálaráðuneytis/Sambandi íslenskra sveitarfélaga, hvenær sem er á samningstímabili, verður samningurinn endurnýjaður í samræmi við það form.

## 2. gr.

### Rekstrarframlag

Rekstrarframlag nemur ~~75%~~ 100% af vegnu meðaltali heildarrekstrarkostnaðar allra grunnskóla sem reknir eru af sveitarfélögum í landinu á hvern nemanda samkvæmt árlegum útreikningum Hagstofu Íslands. Innifalið í þeim kostnaði er húsnæðiskostnaður, öll stjórnun, kennsla, skólaþjónusta og annar almennur rekstrarkostnaður við skólastarf. Gildir þetta fyrir allt að 50 nemendur á skólaári. Skólanum er heimilt að taka nemendur í skólann sem ekki eiga lögheimili í Hafnarfirði, en bærinn greiðir ekki rekstrarframlag vegna þeirra.

Framangreint rekstrarframlag sem er heildarfjárframlag bæjarins við skólann verður greiddur með 12 jöfnum greiðslum síðasta virka dag hvers mánaðar fyrir líðandi mánuð. Framlagið miðast við fjölda nemenda í skólanum í yfirstandandi mánuði, sem eiga lögheimili í Hafnarfirði og fósturbörn ef fósturforeldrar eiga lögheimili í Hafnarfirði. Skólanum ber að koma réttum upplýsingum um fjölda nemenda til skrifstofu mennta- og lýðheilsusviðs Hafnarfjarðar fyrir 15. dag hvers mánaðar til að hægt sé að greiða rétta fjárhæð í lok mánaðarins. Ef nemandi hættir í skóla Framsýnnar menntunar innan skólaársins fer fram sérstakt uppgjör vegna hans til skólans sem miðast við rekstrarframlagsgreiðslur í þrjá mánuði frá uppsögn á skólavist.

Skólanum ber að skila til skrifstofu mennta- og lýðheilsusviðs Hafnarfjarðar nauðsynlegum gögnum um starfsemi skólans á hverjum tímans eins og óskað er eftir og í samræmi við starfshætti í grunnskólum Hafnarfjarðar, t.d. skóladagatal, nemendafjöldi, skólanámskrá og starfsáætlun.

Listi yfir nemendur sem stunda nám í skólanum í ágústlok skal sendur 1. september. Skólanum er jafnframt skylt að veita skrifstofu mennta- og lýðheilsusviðs aðgang að nemendaskrá og upplýsingum um innritaða nemendur þegar þess er óskað. **Rekstrarafgangur af starfsemi skólans skal nýta til að efla skólastarfið sjálft sbr. 8. gr. reglugerðar um sjálfstætt rekna grunnskóla nr. 1150/2018. “Óheimilt er að taka fjármuni sem rekja má til opinberra fjárveitinga í formi arðgreiðslu eða öðrum fjárhagslegum ávinningi fyrir eigendur sem ekki tengist rekstri og skólastarfi.”** Rekstrarafgangur af starfsemi skólans skal nýta til að efla skólastarfið sjálft. Skólinn skal rekinn án hagnaðarsjónarmiða og skal óheimilt að greiða arð til eigenda af þeim rekstri sem byggir á opinberu fé. Allur hagnaður sem kann að koma til vegna reksturs skólans verður nýttur til þess að styrkja innviði hans í formi námsgagna og kennslubúnaðar.

Skólinn hefur ekki heimildir til gjaldtöku af foreldrum eða forsjáraðilum barns fyrir þjónustu umfram gjöld sem tengist sérstakri þjónustu við nemendur í grunnskólum Hafnarfjarðar og þá sambærileg, t.d. varðandi matarútgjöld og uppihald (matur og gisting) í skólaferðum, í samræmi við lög um grunnskóla. Ákvæði þetta gildir aðeins um nemendur sem eiga lögheimili í Hafnarfirði þar sem þessi samningur nær eingöngu til þeirra. Skólinn hefur heimild til gjaldtöku af foreldrum eða forsjáraðilum barns fyrir þjónustu, svo sem skólagjöld og fæðisgjöld. Gjaldskrá skal vera sýnileg á heimasíðu skólans. Óheimilt er að innheimta hærrí skólagjöld en sem nemur 11% af vegnu meðaltali heildarrekstrarkostnaðar allra grunnskóla sem reknir eru af sveitarfélögum í landinu á hvern nemanda samkvæmt árlegum útreikningum Hagstofu Íslands. Óheimilt er að hækka skólagjöld án umsagnar fræðslu og frístundaþjónustu Hafnarfjarðar.

### 3.gr.

#### Innritun nemenda

Skólanum ber að setja sér reglur um innritun sem byggðar skulu á ákvæðum grunnskólalaga og reglugerða settum skv. þeim um skóla án aðgreiningar þar sem allir nemendur skulu eiga sama rétt til að innritast í skólann án tillits til líkamlegs eða andlegs atgervis sem eru aðgengilegar á heimasíðu skólans. Óheimilt er að mismuna nemendum vegna kynferði þeirra, kynþætti, litarhætti, þjóðerni eða trúarskoðunum. Innritunarreglur skulu vera sýnilegar á heimasíðu skólans. Nemendur skulu teknir inn í skólann í þeirri röð sem umsóknir þeirra berast út frá kyni, aldri og búsetu þar sem leitast er við að halda kynjahlutfalli nemenda sem stunda nám í NÚ sem jafnast, þ.e. að ekki séu fleiri en 40/60 % nemenda af hvoru kyni. Mennta- og lýðheilsusvið Hafnarfjarðar skal hafa aðgang að innritunar-/skráningarkerfi skólans.

### 4. gr.

#### Skólaþjónusta

Nemendur Framsýnar eiga rétt á skólaþjónustu samkvæmt lögum og reglum og skólinn ber alla ábyrgð á framkvæmdinni. **Kostnaður vegna skólaþjónustu er innifalinn í föstum rekstrarframlögum bæjarins í samræmi við 2. grein samningsins.** Við mat á þessari þjónustubörf innan skólans skal horft til sömu viðmiða sem sveitarfélagið viðhefur innan eigin skólaþjónustu fyrir nemendur í grunnskólum bæjarins. **Við mat á þessari þjónustubörf innan skólans skal horft til sömu viðmiða sem sveitarfélagið viðhefur innan eigin skólaþjónustu fyrir nemendur í grunnskólum bæjarins, t.d. að börn í skólanum fari í SIS-C mat eða sambærilegt sérfræðingamat á hverjum tíma eins og tilefni eru til.**

Skólinn getur vegna lítillar stærðar sinnar sótt um sérstakar fjárveitingar, umfram 100% regluna í grein 2 hér ofar, til skrifstofu mennta- og lýðheilsusviðs til frekari stuðnings einstakra nemenda úr Hafnarfirði í skólanum sem eru með alvarlegar fatlanir og hafa mjög miklar stuðningsþarfir í samræmi við SIS-C mat eða sambærilegt. Skólinn þarf að fá slíkt samþykki áður en hann tekur við nemanda í skólann ef að skólinn telur að nemandi falli ekki undir 100% regluna vegna ofangreinds ákvæðis í næstu setningu hér ofar. Hafi nemandi sannarlega

stuðningsþörf í samræmi við regluna um viðbótarstuðnings hlýtur hann stuðning en falli hann ekki undir ákvæðið er skólanum samt skylt að sinna stuðningsþörfum hans út frá 100% reglunni og taka við nemanda.

Umsóknir verða afgreiddar í samræmi við reglur skólalþjónustu við grunnskóla eins og þær eru hverju sinni. Skólinn getur sótt um sérstaka fjárveitingu til sérkennslu og/eða frekari stuðnings nemenda með alvarlegar fatlanir og/eða með alvarleg náms-/hegðunarfrávik þar sem rökstuðningur og niðurstöður sérfræðinga þess efnis liggur fyrir. Skólanum ber að senda umsóknir vegna þessara nemenda fyrir 15. Apríl ár hvert til Skólaskrifstofu. Umsóknir verða afgreiddar í samræmi við reglur skólalþjónustu við grunnskóla eins og þær eru hverju sinni. Komi til sérstakrar úthlutunar greiðir bærinn 45% vegna haustannar fyrir 1. nóvember og 55% vegna vorannar fyrir 1. apríl enda hafi skólinn skilað inn einstaklingsnámskrá/ áætlun fyrir 15. október fyrir umrædda nemendur. Skólanum ber að senda umsóknir vegna þessara nemenda fyrir 15. apríl ár hvert til skrifstofu fræðslu.

## 5. gr.

### Upplýsingagjöf, mat og eftirlit

Skólinn skal viðhafa mat á innra starfi í samræmi við lög um grunnskóla á hverjum tíma og almennt regluverk af þeim leitt. Skólinn skal taka þátt í **grunnskólakönnunum** Skólalþjónustunnar (Vísar rannsóknir ehf.) og Hafnarfjarðarbær hafi aðgang að þeim upplýsingum í gegnum Skólavogina líkt og með aðra grunnskóla bæjarins. Að öðru leyti er matsferli innra mats á ábyrgð skólans sjálf en það skal standast almenn viðmið um slíka framkvæmd og gildandi lög og reglugerðir sem tengjast viðfangsefninu. Upplýsingar í innra mati skólans birtist á hverjum tíma í starfsáætlun skólans í samræmi við viðmið bæjarins.

Skrifstofa mennta- og lýðheilsusviðs Hafnarfjarðar annast ytra mat sveitarfélags á skólanum í skilningi laganna og ber skólanum að láta í té allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að framkvæma matið og til að sinna að öðru leyti eftirlitsskyldu sinni. Skólinn skal undirgangast ytra mat **og sé sambærilegt við aðra** grunnskóla bæjarins. Kostnað við ytra mat **bæjarins** skal bærinn bera, fyrir utan eigin kostnað skólans við matið ef það á við. **Séu gerðar breytingar á starfsemi skólans skulu þær birtar í starfsáætlun og skólanámskrá skólans eftir atvikum og sendar bænum jafnóðum og þær gerast og eig síðar en árlega. Breytingar á starfsemi skólans milli útgáfa starfsáætlana og skólanámskráa skal kynna bænum sérstaklega og skriflega.**

Skólinn skilar árlega skólanámskrá og starfsáætlun skólans til skrifstofu mennta- og lýðheilsusviðs í samræmi við viðmið skrifstofunnar á hverjum tíma.

**Skólinn tekur þátt í samráði við bæinn um innleiðingu á farsældarþjónustu við hafnfirsk börn.**

Skólinn vinnur eftir læsisáherslum bæjarins á hverjum tíma (nú LESTUR ER LÍFSINS LEIKUR) og leggur fram gögn þar um til skrifstofu fræðslu- og frístundaþjónustunnar líkt og grunnskólar bæjarins.

Skólinn stendur fyrir félagsstarfi meðal unglinga og tengist félagsmiðstöðvasamstarfi í grunnskólum Hafnarfjarðar. Nemendur skólans stendur til boða þátttaka í miðlægri fræðslu (t.d. forvarnafræðslu) og verkefnum eftir því sem við á.

## 6. gr

### Ársskýrsla

Skólinn skal skila ársskýrslu ásamt ársreikningi til mennta- og lýðheilsusviðs Hafnarfjarðar fyrir 1. maí ár hvert fyrir liðið fjárhagsár.

#### 7. gr.

##### Endurskoðun og vanefndir

Samningsaðilar geta óskað eftir endurskoðun á samningi þessum í heild eða einstaka þáttum hans komi til verulegra breytinga á forsendum sem hann byggir á eða vegna breyttra aðstæðna sem ekki var séð fyrir við samningsgerðina. Samþykki báðir samningsaðilar að fram fari endurskoðun á ákvæðum samningsins skal henni lokið innan þriggja mánaða frá því samþykki lá fyrir.

Ef verulegar vanefndir verða á einstökum ákvæðum samningsaðila um faglegt skólastarf að mati bæjarins og þær varða velferð barna í skólanum, skal hann gera skólanum skriflega grein fyrir því og óska úrbóta innan sanngjarns tíma miðað við eðli máls. Skólinn skal svo fljótt sem auðið er finna leiðir til úrbóta og framkvæma þær. Telji bærinn úrbætur ófullnægjandi er honum heimilt að rifta samningnum og fellur hann þá þegar úr gildi.

#### 8. gr

##### Endurskoðun og uppsögn

Þjónustusamningur þessi er endurskoðaður svo oft sem annar hvor aðila óskar endurskoðunar séu til efnislegar ástæður. Þjónustusamningur þessi er uppsegjanlegur af beggja hálfu og ekki síðar en 30. mars hvert ár miðað við að uppsögn taki gildi 31. júlí það sama ár en ella færirst uppsögnin um eitt skólaár eigi uppsögn sér stað síðar. Þjónustusamningur þessi er uppsegjanlegur af beggja hálfu og ekki síðar en 30. júní hvert ár miðað við að uppsögn taki gildi 31. júlí árið eftir. Þjónustusamningur þessi er uppsegjanlegur af beggja hálfu og ekki síðar en 30. mars hvert ár miðað við að uppsögn taki gildi 31. júlí það sama ár en ella færirst uppsögnin um eitt skólaár eigi uppsögn sér stað síðar. Uppsagnarákvæði hér er óháð 7. gr. hér ofar.

#### 9. gr

##### Afturköllun viðurkenningar

Afturkalli mennta- og menningarmálaráðuneytið/Menntamálastofnun viðurkenningu skólans fellur samningur þessi tafarlaust úr gildi án uppsagnar.

#### 10. gr.

##### Lög og reglugerðir

Um skólann gilda sömu lög og reglur og um grunnskóla samkvæmt 1. gr. laga um grunnskóla, eftir því sem við á. Þar á meðal skal af hálfu skólans fylgt ákvæðum stjórnisýslulaga við töku ákvarðana sem kærnanlegar eru skv. 47. gr. grunnskólalaga. ~~Það á þó ekki við um ákvarðanir um gjaldtöku.~~

Samningur þessi er gerður samkvæmt 43. gr. grunnskólalaga nr. 91/2008 með síðari breytingum og reglugerð nr. 699/2012 sbr. reglugerð nr. 599/2014.

#### 11.gr.

##### Varnarþing

Komi til þess að mál verði höfðað vegna ágreinings um samning þennan skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjaness.

#### 12.gr.

Hvorugur aðili verður talinn hafa brotið gegn samningi þessum, þegar honum er ókleift að uppfyllta samningsskyldur sínar vegna atvika, sem rekja má til óviðráðanlegra ytri atvika (force majeure), s.s. vegna alvarlegra slysa, stríðssátaka, náttúruhamfara, deilna á vinnumarkaði, fyrirmæla stjórnvalda eða annarra óvæntra og ófyrirséðra atvika, sem samningsaðilum er ekki unnt að fyrirbyggja.

Gildistími samnings er frá og með skólaárinu sem hefst **1. ágúst 2022** og hefur ekki gildistíma að öðru leyti en því sem kemur fram í samningnum um endurskoðun og slit hans sbr. 7.-9. gr. samningsins og í samræmi við 43. gr. laga um grunnskóla frá 2008, með síðari tíma breytingum, þar sem m.a. er kveðið á um undanþágu frá 100. gr. sveitarstjórnarlaga varðandi tímalengd samnings.

Hafnarfirði, dags.

---

f.h. Hafnarfjarðarkaupstaðar

---

f.h. Framsýnar menntunar